

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um ferðakostnað ráðherra.

1. *Hver var árlegur ferðakostnaður ráðherra erlendis, sundurliðað eftir ráðuneytum, heildarkostnaði, dagpeningum, risnu og öðrum kostnaði, árin 1999–2002?*

Umbeðnar upplýsingar koma fram í töflunni.

Árlegur ferðakostnaður ráðherra erlendis árin 1999–2002.

	Dagpeningar	Risna	Annar kostnaður	Heildarkostnaður
Forsætisráðuneytið				
1999	878.776	296.519	2.396.130	3.571.425
2000	1.056.594	363.626	2.343.318	3.763.538
2001	916.610	282.497	2.050.833	3.249.940
2002	1.439.764	347.956	4.375.684	6.163.404
Samtals	4.291.744	1.290.598	11.165.965	16.748.307
Menntamálaráðuneytið				
1999	1.047.195	52.826	1.355.321	2.455.342
2000	1.270.292	37.236	2.524.472	3.832.000
2001	1.113.000	83.162	1.827.424	3.023.586
2002	568.813	16.698	1.194.797	1.780.308
Samtals	3.999.300	189.922	6.902.014	11.091.236
Útanríkisráðuneytið				
1999	1.640.067	425.044	3.967.623	6.032.734
2000	1.979.105	498.951	3.729.162	6.207.218
2001	2.101.080	338.679	3.883.078	6.322.837
2002	2.156.971	258.521	3.103.779	5.519.271
Samtals	7.877.223	1.521.195	14.683.642	24.082.060
Landbúnaðarráðuneytið				
1999	367.798	116.852	651.442	1.136.092
2000	466.685	0	566.124	1.032.809
2001	475.210	16.767	635.473	1.127.450
2002	576.184	35.805	991.058	1.603.047
Samtals	1.885.877	169.424	2.844.097	4.899.398

	Dagpeningar	Risna	Annar kostnaður	Heildarkostnaður
Sjávarútvegsráðuneytið				
1999	448.209	7.328	736.137	1.191.674
2000	1.251.717	90.869	1.980.051	3.322.637
2001	1.402.513	600.419	3.233.453	5.236.385
2002	1.519.303	353.124	3.788.319	5.660.746
Samtals	4.621.742	1.051.740	9.737.960	15.411.442
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið				
1999	212.136	28.849	517.895	758.880
2000	658.220	30.054	1.313.876	2.002.150
2001	766.776	0	1.903.537	2.670.313
2002	370.067	44.429	813.404	1.227.900
Samtals	2.007.199	103.332	4.548.712	6.659.243
Félagsmálaráðuneytið				
1999	165.501	18.012	339.914	523.427
2000	796.887	61.058	1.412.345	2.270.290
2001	654.948	123.397	1.647.899	2.426.244
2002	973.985	484.718	1.759.115	3.217.818
Samtals	2.591.321	687.185	5.159.273	8.437.779
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið				
1999	298.267	16.886	527.034	842.187
2000	540.723	243.796	1.338.355	2.122.874
2001	705.402	158.385	1.119.035	1.982.822
2002	913.439	191.370	1.724.745	2.829.554
Samtals	2.457.831	610.437	4.709.169	7.777.437
Fjármálaráðuneytið				
1999	497.808	57.402	1.228.486	1.783.696
2000	664.237	47.753	1.518.586	2.230.576
2001	962.635	58.042	1.528.868	2.549.545
2002	1.089.877	618.808	2.395.660	4.104.345
Samtals	3.214.557	782.005	6.671.600	10.668.162
Samgönguráðuneytið				
1999	300.364	4.299	446.900	751.563
2000	1.010.574	181.702	1.398.591	2.590.867
2001	883.654	90.750	1.500.772	2.475.176
2002	786.797	45.854	1.265.288	2.097.939
Samtals	2.981.389	322.605	4.611.551	7.915.545

	Dagpeningar	Risna	Annar kostnaður	Heildarkostnaður
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið				
1999	459.639	227.205	1.307.205	1.994.049
2000	865.133	54.895	2.190.712	3.110.740
2001	937.834	155.199	1.648.496	2.741.529
2002	593.882	174.064	1.009.800	1.777.746
Samtals	2.856.488	611.363	6.156.213	9.624.064
Umhverfisráðuneytið				
1999	77.158	0	130.945	208.103
2000	630.222	6.355	1.165.989	1.802.566
2001	1.306.823	79.362	2.125.754	3.511.939
2002	921.662	19.631	1.711.359	2.652.652
Samtals	2.935.865	105.348	5.134.047	8.175.260

2. *Hver er skoðun ráðherra á því að upplýsingar um risnu- og ferðakostnað ráðuneyta og stofnana þeirra séu sundurliðaðar og aðgengilegar í ríkisreikningi?*

Með lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, voru gerðar umfangsmiklar breytingar á skilgreiningu þeirra aðila sem fjárlög og ríkisreikningur ná til, flokkun þeirra og framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings. Samkvæmt 1. gr. fjárreiðulaganna gilda ákvæði laga um bókhald og ársreikninga, svo og góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur um bókhald ríkisaðila enda sé ekki kveðið á um annað í fjárreiðulögunum sjálfum. Í samræmi við þetta var efnistökm og framsetningu ríkisreiknings breytt verulega frá því sem áður var í því skyni að hann gæfi glöggga og aðgengilega mynd af rekstri ríkisjóðs og ríkisstofnana og að uppbygging hans fylgdi formi ársreikninga fyrirtækja. Hluti af þeirri breytingu var að draga úr birtingu margháttaðra séryfirlita um ýmsa afmarkaða þætti í starfsemi ríkisins frá því sem áður var. Alltaf er matsatriði hversu ítarlegar upplýsingar eigi að birta í skýringum með reikningnum sjálfum um einstaka þætti í starfseminni en þar vegast á sjónarmið um að reikningurinn gefi gott yfirlit og þess að í honum megi finna svör við sem flestum spurningum. Í gagnasafni Fjársýslu ríkisins er að finna upplýsingar um afmarkaða þætti í rekstri ríkisins, sem ýmist eru teknar saman vegna hagskýrslugerðar eða efni sem oft er spurt um eins og hér. Áformað er auka við það efni sem aðgengilegt er á heimasíðu Fjársýslunnar samhliða ríkisreikningnum sem þar er birtur.

3. *Telur ráðherra rétt að neita þeim sem sinna upplýsingaskyldu til almennings, eins og fjölmiðlum og Alþingi, um upplýsingar um kostnað tengdan starfi æðstu embættismanna og stjórnvaldshafa?*

Það fer eftir atvikum hverju sinni hvort orðið er við beiðni um afhendingu upplýsinga. Þannig gilda upplýsingalög um aðgang fjölmiðla að upplýsingum hjá hinu opinbera. Stjórnvöldum ber ekki skylda til þess samkvæmt upplýsingalögum að útskýra sérstaklega gögn sem ekki liggja fyrir þegar eftir þeim er leitað. Um rétt Alþingis til upplýsinga fer hins vegar skv. 54. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir: Heimilt er alþingismönnum, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinber málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu.

Í 49. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, er að finna nánari fyrirmæli um form og fyrirkomulag fyrirspurna.

4. *Telur ráðherra ástæðu til að endurskoða reglur um ferða- og dagpeningagreiðslur hjá ráðuneytum og stofnunum?*

Um ferða- og dagpeningagreiðslur hjá ráðuneytum og stofnunum gilda reglur nr. 39/1992, með síðari breytingum. Ekki liggja fyrir sérstakar ástæður til að breyta þessum reglum. Rétt er að taka fram að tilhögun greiðslu kostnaðar í ferðalögum er bundin af kjarasamningum við starfsmenn ríkisins svo að henni verður ekki breytt nema með samningum við stéttarfélög starfsmanna.